


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti – BAF 501	
	Kennsluáætlun – Haustönn 2013	

Kennari	Ævar Ragnarsson	Sk.st.	ÆERA
----------------	-----------------	---------------	------

Áfangalýsing:

Fjallað er um gerð og virkni vökvakerfa og íhluta þeirra, m.a. vökvadælur, strokka, vökvahreyfla og vökvalagnir. Farið er í grunnreglur og útreikninga á afli, vægi, afköstum, nýtingu og þrýstingi. Þá er fjallað um reglubundið viðhald, ástandsskoðun og þrýstimælingar og farið yfir vökvakerfisolíur og síur, vökvaleiðslur og tengi. Áhersla er lögð á hættur og skaðsemi olíu, hreinlæti og nákvæmni í vinnu við vökvakerfi.

Markmið:

Nemandi þekki:

- helstu íhluti vökvakerfa og hlutverk þeirra
- grunnreglur og útreikning á afli, vægi, afköstum, nýtingu, þrýstingi
- vökvakerfisolíur og síur, vökvaleiðslur og tengi
- hættur og skaðsemi af vökvakerfisolíu og varúðarreglur í umgengni við vökvakerfi

Nemandi geti:


- lýst virkni einfaldra vökvakerfa
- lýst einföldu vökvakerfi eftir teikningu
- gert minniháttar prófanir og viðgerðir á vökvakerfum
- gert reglubundið viðhald, ástandsskoðun og þrýstimælingu á vökvakerfi

Námsgögn:

Kennslubók: Vökvatækni I og II - Fræðslumiðstöð iðnaðarins, útg. Iðnú (Bókabúðir)

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
42	Nýting vökvatækninnar, grundvallar atriði vökvatækninnar	
43	Vökvar, einstaka hlutar vökvakerfa	Verkefnavinna
44	Tákn og kerfisteikningar	1. próf (16%)
45	Hönnun og kynning á vökvakerfum	Verkefnavinna
46	Þrýstillokar, stjórnlokar, einstefnulokar	2. próf (17%)
47	Magnstillilokar, vökvatjakkar, vökvamótorar	Verkefnavinna
48	Tengihlutar, mælar o. fl.	3. próf (17%)

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti – BAF 501	
	Kennsluáætlun – Haustönn 2013	


Námsmat og vægi námsþátta:

Símat, ekkert lokapróf.

Lokanámsmat er reiknað út frá þremur prófum 50%, verkefni í tímum og heima 30%, ástundun 20%.

Dagsetning: _____

23/8 2013


Undirritun kennara


Undirritun þfautarstj., fagstj eða staðgengils